

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar
Ísafjarðarbæ
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

18. janúar 2021

Erindi til bæjarstjórnar.

Efni: Tilkynning um áform um að taka lögbýli sem er eyðijörð aftur til ábúðar og landbúnaðarstarfsemi.

Með vísan til 24. gr. jarðalaga nr. 81/2004 fara þinglýstir eigendur, Birkir Þór Guðmundsson og Kristín Björg Albertsdóttir, þess á leit að bæjarstjórn taki til samþykktar að heimila eigendum eyðjarðarinnar Hóls á Hvilftarströnd, Öfundarfirði, Landnr. 141043, Fastanr. 212-6295, að taka jörðina til ábúðar og landbúnaðarstarfsemi.

Á grundvelli ofangreindra laga hafa eigendur jarðarinnar tilkynnar áformin um að taka lögbýli sem er eyðijörð aftur til ábúðar og landbúnaðarstarfsemi til ráðuneyti landbúnaðarmála sem er atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Virðingarfyllst,



Fylgigögn með erindi:

Tölvupóstur frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti vegna áforma um að taka lögbýli sem er eyðijörð aftur til ábúðar.

Tilkynning landeigenda til atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytisins um áformin.

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið
(Landbúnaðarráðuneytið)
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Flateyri, 4. janúar 2021.

Efni: Tilkynning um áform um að taka lögbýli sem er eyðijörð aftur til ábúðar.

Undirrituð, Birkir Þór Guðmundsson kt. 220564-4449 og Kristín Björg Albertsdóttir kt. 200863-7399, þinglýstir eigendur jarðarinnar Hóls á Hvilftarströnd, Önundarfirði, Ísafjarðarbæ, Landnr. 141043, Fastanr. 212-6295, tilkynna hér með að þeir áforma að endurbyggja eyðijörðina, með vísan til 24. gr. jarðalaga nr. 81/2004.

Hóll á Hvilftarströnd er skráð lögbýli, en jörðin fór í eyði 1907, en var byggð aftur á árunum frá 1932 – 1939 (upplýsingar úr sóknarmanntölum Holts í Önundarfirði). Enginn húsakostur er fyrir hendi á jörðinni og þegar hefur farið fram fornleifakönnun á jörðinni, framkvæmd af Náttúrustofu Vestfjarða 2013 (NV Nr. 25-13b). Stærð jarðarinnar er 1.200 að fornu mati og enginn ræktun er á jörðinni.

Eigendur hyggjast byggja upp íbúðarhús, heimarafstöð og aðstöðu til atvinnusköpunar á jörðinni og hafa þar fasta búsetu. Með uppbyggingunni verður horft til sjálfbærni og verður orkuþörf býlisins mætt með nýtingu vatnsaflsorku sem til staðar er á jörðinni. Eigendur, sem væntanlegir ábúendur hyggjast m.a. stunda þar garðrækt og ilrækt í gróðurhúsi til matvælaframleiðslu, ásamt ferðapjónustu og raforkuframleiðslu.

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi til afgreiðslu hjá Ísafjarðarbæ, vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar. Meðal fylgigagna með deiliskipulagstillögu er snjóflóðamat Veðurstofu Íslands, ásamt samþykki Vegagerðarinnar fyrir lagningu héraðsveggar að væntanlegu bæjarhúsi.

Meðfylgjandi er afrit af þinglýstri eignarheimild umsækjenda. Ef frekari upplýsingar er óskað, vinsamlega hafið samband við undirrituð með tölvupósti á netfangið; birkir@abf.is

Virðingarfyllst,



Birkir Þór Guðmundsson



Kristín Björg Albertsdóttir

Samrit sent; Bændasamtökum Íslands

From: Kristín Sigfúsdóttir kristin.sigfusdottir@anr.is 
Subject: Tilkynning - lögbyli á Hóli á Hvilftarströnd, landnúmer 141043 Ísafjarðarbæ.
Date: 5 January 2021 at 15:30
To: birkir@abf.is



Tilvísun í mál: ANR21010014
Góðan dag

Vísað er til umsóknar yðar um að taka lögbyli sem er eyðijörð aftur til ábúðar og landbúnaðarstarfsemi á jörðinni Hóli á Hvilftarströnd, landnúmer 141043 Ísafjarðarbæ.

Vinsamlegast sendið veðbókavottorð, fasteignayfirlit úr Þjóðskrá Íslands og samþykktar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar á postur@anr.is

Bestu kveðjur,

Kristín Sigfúsdóttir, stjórnarráðsfulltrúi
Skrifstofa matvæla og landbúnaðar
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið / Ministry of Industries and Innovation
Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9700
www.anr.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing

Notandi: "Birkir Þór Guðmundsson" <birkir@abf.is>

Dagsetning: 4.1.2021 13:01:49

Til: "Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið" <anr@anr.is>

Efni: Tilkynning

Góðan dag.

Meðfylgjandi er tilkynning um áform um að taka lögbyli sem er eyðijörð aftur til ábúðar.

Vinsamlega sendið staðfestingu um að tilkynningin hafi öðlast skráningu á netfangið birkir@abf.is eða uppgefið heimilisfang sem fram kemur neðanmáls í tilkynningunni.

Með kveðju,

Birkir Þór Guðmundsson

Sími: +345-414 0100

gsm: +354-824-0100

birkir@abf.is

(See attached file: SCN_0076.pdf)



SCN_0076.pdf